

ÚTVARPSLEIKHÚS

(readers´ theater)

Aldurshópur

Öll stig grunnskólans.

Um aðferðina

Lesfimiþjálfun getur reynt á nemendur og því er mikilvægt að tilgangur þjálfunarinnar verði augljós og umgjörðin skemmtileg. Flest okkar hafa hlustað á leikrit í útvarpi og vitum því hvað leikararnir þurfa að lesa skýrt og skilmerkilega, með réttu hljómfalli og áherslum, til að koma efni leikritsins til skila. Aðferðin gerir því þá kröfu að texti sé lesinn og endurlesinn, hann ígrundaður og mótaður áður en hann er fluttur fyrir áheyrendur. Þannig er þessi mikilvæga þjálfun, að því er virðist, í bakgrunni en skilar nemandanum í átt að meiri lesfimi með skemmtilegum hætti. Góðir lesarar geta bætt hjá sér lestrarlag, ígrundað texta og efni leikritsins og þannig er hægt að virkja nemendahóp sem hefur nokkuð ólíkar þarfir hvað þjálfun varðar.

Markmið aðferðar

- Að efla öryggi nemenda við lestur.
- Að þjálfu gott lestrarlag.
- Að kynna fyrir nemendum áhrif ólíkra áherslna á merkingu texta sem leiðir til betri skilnings á efninu.
- Að veita nemendum tækifæri til að gæða texta lífi og skapa áhugaverðar persónur.

Gögn

Leikrit sem hæfir aldri hóps sem unnið er með. Huga þarf að lengd leikrits (3-6 bls.) og fjölda hlutverka. Gott er að láta nemendur hafa tvö eintök, annað til að hafa í skólanum og hitt til þjálfunar heima.

Klemmuspjöld, nótnastatíf eða púlt, allt eftir fjölda hlutverka í leikritinu sem á að flytja. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur séu mikið á hreyfingu meðan á leiklestri stendur.

Stundum geta örfáir leikmunir hjálpað til við að skapa rétta andrúmsloftið og einnig geta einfaldir búningar svo sem hattar, skegg, regnhlíf eða annað sambærilegt hjálpað nemendum að skapa persónur sínar.

Framkvæmd

1. Fyrst þegar aðferðin er notuð þarf að kynna fyrir nemendum eðli, ferli og markmið hennar.
2. Kynnið handritið, fjallið um höfund, uppruna leikrits og sögulegan bakgrunn, eftir því sem við á. Fjallið um orðaforða og orðatiltæki sem nemendur þekkja ekki því þeir þurfa að hafa fullan skilning á texta til að geta beitt réttum blæbrigðum við lestur.

3. Lesið handritið upphátt og biðjið nemendur um að fylgjast með í eigin eintaki. Kennarinn þarf að vera vel undirbúinn til að gefa nemendum hugmynd um hvernig afrakstur þjálfunarinnar á að hljóma (hæfilegur hraði, hljómfall, raddstyrkur og ólíkar raddir fyrir hverja persónu).
4. **Yngri nemendur:** Kórlesið handritið nokkrum sinnum til að styðja við þá sem eru skemmra á veg komnir í lestri. **Eldri nemendur:** Parið nemendur saman og látið þá skiptilesa rödd fyrir rödd, óháð fjölda hlutverka í leikritinu. Veitið nemendum tækifæri til að þjálfva texta í skóla undir leiðsögn og heima. Gott er að velja ekki í hlutverk fyrr en dálítil þjálfun hefur farið fram því það kunna að leynast góðir leiklesarar meðal hæglæsari nemenda. Hægt er að fara margar leiðir við val í hlutverk en það getur ráðist af fjölda persóna og lengd leikrits hvaða leið kennari velur (að draga, að halda áheyrnarprufur, að þjálfva sama leikrit í litlum hópum svo dæmi séu tekin).
5. Komið er að flutningi þegar allir hafa náð góðum tókum á hlutverki sínu. Takið frá hentuga stund undir flutninginn en gott er að hafa lokaprufu með bekk áður en leikritið er flutt fyrir aðra áheyrendur svo sem yngri nemendur eða foreldra. Einnig getur verið mjög skemmtilegt að taka leikritið upp og setja inn á bekkjarsíðu eða heimasíðu skólans.

Hvar er hægt að fá handrit?

Hjá Leikritasmiðjunni á vef MMS (<https://vefir.mms.is/leikritasmidjan/>).

Í nýju og eldra útgefnu efni hjá MMS.

Hjá Sambandi íslenskra leikfélaga (www.leiklist.is).

Margir skólar eiga handritasafn sem þeir geta nýtt í útvarpsleikhús.

Nemendur og kennarar geta sjálfir skrifað handrit upp úr góðum sögum en áður en það er gert er gott að æfa og flytja nokkur leikrit til að öðlast tilfinningu fyrir textagerðinni.